

M-2/2012. Álit 24. apríl 2012.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 24. apríl 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-2/2012.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. janúar 2012 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notuðum bíl af Y, hér eftir nefnd seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina vera haldna göllum og krefst úrbóta úr hendi seljanda vegna þeirra.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 10. janúar 2012, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðnina og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 24. janúar 2012. Hinn 26. janúar voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Hann nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum sínum 13. febrúar 2012.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt kaupsamningi og afsali sem álitsbeiðni fylgja keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 þann 28. október 2011. Þar er skráð að bifreiðin sé af gerðinni BMW X5, framleiðsluár sé 2004, fyrsti skráningardagur x. júlí s.á. og að bifreiðinni hafi verið ekið 110.000 km. Var bifreiðin keypt í gegnum bílasöluna Z og var kaupverð kr. 2.650.000.

Í álitsbeiðninni segir um ágreiningsefni aðila:

„Ágreiningsefni 1.

Sætishitari í bílstjórásæti slær úr vegna bilunar þvert á ástandlýsingu seljanda. Seljandi vissi af þessari bilun en tilkynnir kaupanda ekki um þennan galla. Þessi bilun kom ekki í ljós við ástandskoðun þar sem ákveðin tími verður að líða þar til bilun kemur í ljós. [...]

Ágreiningsefni 2.

Geisladiska haldari í geisladiska magasín vantar þvert á ástandlýsingu seljanda. Seljandi vissi af þessum galla en tilkynnir ekki kaupanda heldur tilgreinir í ástandslýsingu. Við ástandskoðun sá kaupandi að geisladiskamagasín var til staðar en óraði ekki fyrir að Geisladiska haldarann vantaði í tækið.

Kaupandi hefur ekki verið unnt að prófa hvort umræddur geisladiskaspilari virkar þar sem magasín vantar og er það nauðsynlegur hluti af þessu tæki. [...]"

Vísar álitsbeiðandi í kaupsamning um bifreiðina máli sínu til stuðnings og einnig í tölvupóstsamskipti við bifreiðasalann er sá um málið. Vísar hann þar aðallega í skjal sem álitsbeiðandi kallar ástandslýsingu sem hann mun hafa fengið afhent á umræddri bílasölu.

Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Þetta er vel með farinn svartur BMW X5 árgerð 2004 ekinn 110þús. 3,0 sjálfskipt bensínvél. Drekkhlaðinn aukabúnaði: panorama þak, rafdrifin sæti með minni og hiti fyrir afturendann, einstaklingsminni í lyklum [...]"

Þá kemur fram í sama skjali undir „Order options“:

„672 CD Changer Bmw For 6 Cds
691 CD Holder“

Þá segir að lokum í álitsbeiðni:

„Kröfur kaupanda eru að sætishitari í bílstjóraseti verði lagaður og keypt verð [sic] Geisladiska haldari í magasín svo það samræmist ástandslýsingu bílsins sem seljandi ber ábyrgð á að sé rétt [...]“

Með álitsbeiðni fylgdu tölvupóstsamskipti álitsbeiðanda við bílasalann og einnig við maka seljanda. Þar kemur meðal annars fram að unnusta álitsbeiðanda hefði kveikt á sætishitaranum. Hafi þá 3 ljós kviknað og virtist því allt í lagi vera með hitarann og var því drepið á bifreiðinni. Kemur fram að álitsbeiðandi hefði tekið eftir þessum galla strax um kvöldið þegar viðskiptin áttu sér stað ásamt því að magasínið vantaði í geislaspilarann og kveðst álitsbeiðandi hafa tilkynnt bílasala um málið um leið og bílasalan opnaði daginn eftir.

Verða umrædd tölvupóstsamskipti að einhverju leyti rakin frekar í andsvörum seljanda. Kærufndin telur þó ekki þörf á að reifa þessi samskipti öll sérstaklega en mun að sjálfsögðu líta til allra gagna við álitsgerðina.

Loks fylgir með álitsbeiðni tölvupóstur frá 20. desember 2011 þar sem álitsbeiðandi leitar eftir upplýsingum um verð á varahlutum hjá A og fær eftirfarandi svör:

„Geisladiskahaldarann ekki til ca 17,000

Sætishitari í bílstjóra þetta er í áklæðinu þarf að sérpanta verða [sic] ca 217,000 + vinna ca 30,000 [...]“

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a.:

„Maki seljanda hafði fengið lista yfir þá eiginleika sem bifreiðin bjó yfir við framleiðslu frá þjónustufulltrúa A þar sem listinn var á ensku og ekki skýrt í öllum tilfellum um hvaða útbúnað var að ræða setti maki seljanda stílfærða íslenska þýðingu á listanum efst á listann og bætti við upplýsingum um hversu mikið bifreiðin væri ekin. Á listanum eru að finna yfir 40 einstök atriði sem flest eru umfram lágmarksbúnað sem BMW X5 bifreiðar hafa að mati seljanda. Skjal þetta er óundirritað og ódagsett. (Hér eftir verður vísað til þessa lista með breytingum maka seljanda sem „aukahlutalistans“) [...]“

Starfsmaður Z annaðist skráningu bifreiðarinnar á söluskrá Z. Maki seljanda afhenti starfsmanni aukahlutalistann til auðveldunar á að semja auglýsingu sem fór inn á vefsíðuna www.bilasolur.is. Starfsmanninum var ekki heimilt að afhenda aukahlutalistann mögulegum kaupendum, enda var aðeins eitt eintak af aukahlutalistanum að ræða og því ekki mögulegt að afhenda mörgum mögulegum kaupendum. [...]

Þegar bifreiðin var sett á söluskrá Z var hún í öðru og verra ástandi en á framleiðsludegi. Meðal annars virkaði hiti í sæti ökumanns ekki og haldara fyrir geisladiskaskipti í farangursrými vantaði. Þá var áberandi gat í leðuráklæði á sæti ökumanns, u.þ.b. 5mm í þvermál fyrir miðri sessu. Einnig voru önnur atriði bifreiðarinnar ekki í því ástandi sem þau voru er bifreiðin var ný en seljandi telur þau ekki skipta máli við álitsgerð [...]

Hiti í sæti ökumanns ætti undir venjulegum kringumstæðum að virka á þann hátt að sé þrýst á hnapp með merki fyrir hita í sætum sýnir hnappurinn þrjú græn ljós og sæti hitnar í hæsta hita. Sé þrýst á hnappinn aftur sýnir hnappurinn tvö græn ljós og sætið hitnar í miðlungs hita. Sé þrýst á hnappinn í þriðja sinn sýnir hnappurinn eitt ljós og sætið hitnar í lægsta hita. Í biluninni felst að ljósin lýsa hinsvegar ekki og enginn hiti kemur upp. Einstaka sinnum lýsa ljósin líkt

og lýst er hér að ofan eftir að ítrekað hefur verið þrýst á hnappinn en eftir 3-5 sekúndur hætta ljósinn að lýsa. Ömögulegt [sic] er að fá sætið til að hitna nema að þrýsta á hnappinn í sífellu í lengri tíma.

Að mati seljanda þurfa að líða að lágmarki 10 sekúndur eftir að kveikt hefur verið á hita í sæti farþega þar til farþeginn verður hitans var. Seljandi gengur út frá því að sami tími þyrfi [sic] að líða í tilfelli hita í sæti ökumanns, ef hann virkaði. [...]"

Þá reifar seljandi ákvæði kaupsamnings er kveða á um skoðunarskyldu kaupanda og rekur þau gögn er fylgdu með honum. Þá segir:

„Álitsbeiðandi og seljandi undirrituðu kaupsamninginn að hinum fjarstöddum. Þeir áttu því aldrei nein samskipti nema gegnum Z þar til tölvupóstsamskipti hófust.“

Seljandi rekur svo að nokkru leyti annars vegar tölvupóstsamskipti álitsbeiðanda og maka seljanda og hins vegar tölvupóstsamskipti álitsbeiðanda og maka seljanda við starfsmann bílasölu Z, en þar segir orðrétt:

„Fyrir liggur lýsing álitsbeiðanda á hita í sæti ökumanns eftir fyrirspurn maka seljanda:
„Fyrst hélt ég að það væri sambandsleysi í takkanum þar sem ekki kveiknar á sætishitaranum. Svo tókst mér að kveikja á sætishitaranum en þá slökknadi á honum aftur eftir [sic] 5-15 sek.“

Tölvupóstur álitsbeiðanda til maka seljanda, 2. desember 2011

Einnig liggur fyrir lýsing álitsbeiðanda því að álitsbeiðandi sá fyrst bifreiðina á vefsíðunni www.bilasolur.is og á prófun á hita í sæti farþega og ökumanns:

„Þegar ég ákveð að skoða þennan bíl var það vegna auglýsingar á <http://www.bilasolur.is> þar sem fram koma að bílinn væri mjög vel útbúinn þar á meðal með hita í sætum.

...

Varðandi skoðunarskyldu kaupanda þá var sætishitari í farþegasæti prófaður frá bílasölu að B bensínstöð við [staður] af unnustu minni.

Hún keyrði svo bílinn frá B að bílasölu og þegar bílnum var lagt ákvað hún að kveikja á sætishitaranum í bílstjórásætinu. Það kveiknuðu 3 ljós á hitaranum og því virtist allt í lagi og drepð var strax á bílnum.“

Tölvupóstur álitsbeiðanda til maka seljanda, 8. desember 2011

Þá liggja fyrir tveir tölvupóstar sem fjalla um aukahlutalistann frá starfsmanni Z sem annaðist viðskiptin með bifreiðina:

„Minn skilningur er sá að þetta umrædda blað var lýsing á ástandi bílsins og átti að fylgja með við sölu til kaupanda.

Staðfest af C sölumanni hjá Z.“

Tölvupóstur starfsmanns Z til álitsbeiðanda og maka seljanda, 8. desember 2011

„Okkur var afhent þetta sem lýsing á bifreiðinni og upplýsingar um ástand hennar, á því liggur enginn vafi.“

Tölvupóstur starfsmanns Z til álitsbeiðanda og maka seljanda, 9. desember 2011“

Þá rekur seljandi ágreiningsefni álitsbeiðanda og seljanda og þau lög sem seljandi telur að eigi við um ágreiningsefni þeirra. Kærunefndin telur ekki ástæðu til að rekja það frekar hér, en líkt og framan greinir mun að sjálfsögðu líta til allra gagna við álitsgerðina.

Þá segir enn fremur í andsvörum seljanda:

„Maki seljanda gaf stafsmönnum Z aðeins þær upplýsingar um bifreiðina og ástand hennar sem starfsmennirnir óskuðu eftir. Sér í lagi spurðu starfsmennirnir hvorki seljanda né maki seljanda um ástand bifreiðarinnar, utan hveru [sic] langt hún var ekin. Seljandi gaf því engar yfirlýsingar, hvorki til álitsbeiðana [sic] né starfsmanna Z, um ástand einstakra hluta bifreiðarinnar, þar með talið ástand hita í sæti ökumanns og haldara fyrir geisladiskaskipti. Seljandi vissi að bifreiðin yrði seld í því ástandi sem hún var og að ástand einstakra hluta hennar yrði augljóst við lágmarksskoðun.

Þær upplýsingar sem álitsbeiðandi hafði um bifreiðina, komu eingöngu frá stafsmönnum Z en bílasölur almennt og Z sér í lagi, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum sem frá bílasölunum koma. Skriflegan fyrirvara þess efni er m.a. að finna á öllum upplýsingaspjöldum sem Z setur í bíla sem eru til sölu á bílastæði bílasölnnar. [...]

Þá bar álitsbeiðanda [sic] að athuga sérstaklega ástand hita í sætis ökumanns og haldara fyrir geisladiskaskipti ef álitsbeiðandi taldi slíkt skipta máli við gerð kaupsamnings. [...]"

Víkur seljandi því næst að skoðunarskyldu kaupanda og segir:

„Álitsbeiðandi hafði ríka ástæðu til að skoða bifreiðina gaumgæfilega. Bifreiðin var tæplega 8 ára gömul og ekin 110 þúsund kílómetra á kaupdegi. [...]

Lýsing á athugun álitsbeiðanda á hita í sæti ökumanns er að finna í grein 22. Þar kemur fram að maki álitsbeiðanda prófaði hita í sæti farþega gaumgæfilega. Í sömu lýsingu kemur hins vegar einnig fram að álitsbeiðandi lét hjá líða með öllu að prófa hita í sæti ökumanns heldur slökkti á bifreiðinni um leið og hann hafði kveikt á hitanum.

Í ljósi þess að álitsbeiðandi telur nú ástæðu til að óska álits KLP á þessu atriði og nefnir sérstaklega að hann hafi veitt þessum eiginleika bifreiðarinnar athygli (sjá grein 23) er athugun álitsbeiðanda á hita í sæti ökumanns í engu samræmi við þau atriði sem greinir hér að ofan.“

Hvað varðar haldarann fyrir geisladiskaskipti tekur seljandi fram í andsvörum sínum:

„Geisladiskaskiptirinn er staðsettur ökumannsmegin í farangursrými bifreiðarinnar, u.þ.b. 15cm frá hurð farangursrýmisins. Skiptirinn opnast með einu handtaki sem auðvelt er að framkvæma. Kaupanda var í lófa lagið við skoðun á bifreiðinni að athuga hvort skiptirinn vantaði og hvort haldarinn væri til staðar. Það er því álit seljanda að álitsbeiðandi hafi vanrækt skoðunarskyldu sína hvað þetta varðar. [...]

Skoðun á þessum tveimur atriðum tekur að mati seljanda ekki meira en 30 sekúndur samanlagt. Álitsbeiðanda bar því ef hann taldi þessi atriði skipta máli við kaupin, að gefa þessum tveimur atriðum sérstakan gaum við skoðun sína á bifreiðinni, sér í lagi í ljósi þess hversu einfalt var að skoða þessi tvö atriði. [...]

Varðandi haldara fyrir geisladiskaskipti eru not álitsbeiðanda af bifreiðinni engu minni þótt hann vanti. Í bifreiðinni er enn að finna hefðbundinn geisladiskaspilara sem spilar sams konar diska og geisladiskaskiptarinn. [...]"

Þá fylgja andsvörum seljanda umrædd tölvupóstsamskipti ásamt yfirliti yfir BMW X5 bifreiðar af árgerð 2004 til sölu á vefsíðunni www.bilasolur.is þann 24. janúar 2012 sem kærunefndin telur ekki ástæðu til að rekja frekar.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda segir m.a. orðrétt:

„Í fjórða [sic] lið svarbréfs Y segir hún að maki hennar hafi afhent starfsmanninum ástandslýsingu (sem hún kallar aukahlutalista) og að starfsmanninum hafi verið óheimilt að afhenda aukahlutalistann mögulegum kaupendum.

Þetta þykir mér allt mjög undanlegt þar sem engin gögn eru til staðar sem styðja það að starfsmanninum hafi verið óheimilt að afhenda mér listann. Þá fer ég fram á að þar sem hún fullyrðir að starfsmanninum hafi verið óheimilt að afhenda mér listann, sýni hún fram á í hverju slíkt bann hafi verið fólgið, því það stangast fullkomlega á við upplýsingar frá Z og D sem þvert á móti segja þetta vera þá ástandslýsingu sem fylgja átti bifreiðinni skv. tölvupósti frá E dagsett 09.12.2011.“

Þá lýsir álitsbeiðandi ástandi bifreiðarinnar nú og er þar talið upp ýmislegt sem kærunefndin telur ekki þörf að reifa sérstaklega þar sem það fellur ekki undir kröfur álitsbeiðanda, en þar segir þó:

„1. Sætishiti bifreiðarinnar var bilaður að því leyti að þegar hann var settur á drap hann á sér aftur eftir nokkrar sekúndur. Því gat maður ekki áttað sig á því þegar sætishitarinn var prófaður, því hann virtist fara á, og maður drap á honum aftur. Ljós kviknuðu eins og hann væri virkur og í lagi.

Bilunin fellst í því að hitamotta undir áklæðinu, sem er hluti af áklæðinu og ekki losanlegt frá, er bilað samkvæmt upplýsingum sem ég fékk hjá F. Ekki er unnt að laga þetta með öðru móti en að skipta um áklæði eða sætið.

2. Geisladiskahulstur með sjálfvirkum matara vantaði, en hólfíð sem það á að fara inn í reyndist tómt þegar betur var að gáð.“

Álitsbeiðandi rekur einnig skilmála kaupsamnings aðila og segir m.a. eftirfarandi:

„Þykir mér ljóst að Y hafi vísvitandi falið fyrir mér galla, enda er henni gefinn kostur á því í sölusamningi vegna bifreiðakaupanna undir liðnum „Ástand ökutækis“. Þar er merkt með x við ástandslýsingu eiganda í kaupsamningi sem hún undirritar. [...]

Talað er víða um skoðunarskyldu kaupanda. Ég hef haft samband við alla sem mér dettur í hug, þar á meðal hringt upp í ráðuneyti, talað við fulltrúa Sýslumanns um skoðunarskyldu almennt, aðstoðarmann héraðsdómara, marga löggilda bílasala svo og lögfræðinga. Allir koma að tómunum kofanum því þetta er bara óskýrt orðalag. Enginn hefur bent mér á lög eða reglugerðir sem útskýra nánar hvað í skoðunarskyldu fellst því kaupanda er ekki skylt að láta skoða bifreiðina frekar, en kaupanda er frjálst að færa bifreiðina til frekari og nákvæmari skoðunar ef henni fylgda ekki viðunandi gögn.

Ég taldi fylgigögn bifreiðarinnar fullkomlega viðunandi svo ég tali ekki þörf á að færa bifreiðina til nánari skoðunar, enda bar mér ekki skylda til þess. Bifreiðin var að því er mér var tjáð, gallalaus og nýyfirfarna af fagaðila.“

Varðandi vangaveltur seljanda um að útilokað væri að skortur á hita í sæti ökumanns og vöntun á geisladiskamatara hefðu haft áhrif á hvort álitsbeiðandi hefði keypt bifreiðina segir álitsbeiðandi:

„Þarna er hún aftur að leggja hlutlægt mat á hvað ég hefði aðhafst og er það þessu deilumáli óviðkomandi. Til upplýsingar vil ég þó nefna að ég var að velja þessa bifreið fyrir konuna mína, og hún setti það sem algjört skilyrði að ef bifreið væri með leðursætum, þá væri í henni sætishitari. Þá má nefna að það er til lítils að kaupa bifreið ef geisladiskamagasínið vantar. Hún á í raun ekkert með að fullyrði hvað ég hefði gert hefðu þessi gallar legið fyrir.“

Þá rekur álitsbeiðandi ásett verð bifreiðarinnar og kaupverð sem kærunefndin telur ekki ástæðu til að rekja frekar hér.

Þá segir álitsbeiðandi að lokum varðandi skoðunarskyldu kaupanda:

„Eins og áður hefur komið fram hefur enginn geta sýnt mér nákvæmlega í hverju þessi skoðarskylda felst meira en almennt orðalag. Því hafna ég algjörlega að ég hafi ekki sinnt minni skoðunarskyldu.

Bifreiðinni var lýst af sölumanni sem glæsilegri, vel útbúinni bifreið, hlaðinn aukabúnaði, í topp standi, ný yfirfarinni af F og hefði farið athugasemdalaust í gegnum skoðun nokkrum mánuðum áður.

Þessu til stuðnings var mér færð margumrædd ástandslýsing. Að auki hafði ég fengið féлага minn með mér til álitsgjafar.

Í lið 60 er enn og aftur gefið í skyn að útbúnaður bifreiðarinnar sé ekki í samræmi við ástandslýsingu á þeim forsendum að bifreiðin sé 8 ára gömul og ekinn 110 þús. km. Þar sem bifreiðin var sögð gallalaus og nýyfirfarinn hafði ég enga ástæðu til að ætla að gallar væru faldir í bifreiðinni. [...]

Í lið 61 er talað um lítið brunagat líklega eftir sígarrettu fremst á bílstjórásætinu. Þetta brunagat nær ekki í gegnum áklæðið og er ekki einu sinni fyrir því svæði sem hitnar í sætin. Eins og áður hefur komið fram var kveikt á sætishitar og það kveiknuðu 3 ljós og ekkert sem benti til að hitarinn myndi slá út eftir 5-15 sek. Því var drepit á bifreiðinni. Ég hafði enga ástæðu til að ætla að sætishitari í bílstjórásæti væri öðruvísi en í farþegasætinu eftir þessa prófun. Auk þess er tilgreint í ástandslýsingu „rafdrifinn sæti með minni og hita fyrir afturendann“.

Varðandi geisladiskamagasin í lið 65 og 66 þá finnst mér sem seljandi telji það sjálfsagt að hluta úr bílnum vant og kaupandi eigi að finna það út sjálfur en enginn ábyrgð sé hjá seljanda að upplýsa um þekkta galla þar sem bifreið sé seld í því ástandi sem hún er þrátt fyrir innihald ástandslýsingar.“

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1.- 3. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og framan er rakið keypti álitseiddandi bifreiðina xx-000 þann 28. október 2011 fyrir kr. 2.650.000. Bifreiðin er árgerð 2004 og fyrsti skráningardagur hennar x. júlí 2004. Bifreiðin var því rúmlega 7 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 110.000 km. Þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi.

Í áðurnefndum kaupsamningi milli aðila segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Kærunefndin álfur að um kaupin gildi 17. gr. neytendakaupalaga, en þar segir:

17. gr. *Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.*

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði þar sem neytandi hefur haft möguleika á að vera viðstaddur gilda ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Álitsbeiðandi telur það vera galla á bifreiðinni að sætishitari í sæti ökumanns sé óvirkur og ekki hafi fylgt með bifreiðinni haldari í geisladiskaskiptir.

Er það mat kærufndar lausafjár- og þjónustukaupa að álitsbeiðanda hafi mátt vera ljóst af mjög einfaldri skoðun á bifreiðinni að sætishitari var bilaður. Hér sé um mjög aðgengilegan hlut að ræða og því einstaklega auðvelt að kanna þá við skoðun. Álitsbeiðandi rekur að kveikt hafi verið á sætishitaranum en slökkt á honum þegar ljós kom á hnappinn. Er það mat kærufndarinnar að með þessu hafi álitsbeiðandi ekki fullnægt lögboðinni skoðunarskyldu sinni þar sem alkunna sé að hiti í sætum fari ekki umsvifalaust í gang þegar kveikt sé á honum og hafi því ekki verið nóg að kveikja aðeins á honum í örstutta stund. Þá kemur fram í máli álitsbeiðanda að það hafi m.a. verið algjört skilyrði við kaupin að hiti í sætum væri til staðar. Því er það mat nefndarinnar að álitsbeiðandi hefði því mátt kanna það sérstaklega hvort að hann væri til staðar.

Hvað varðar haldarann í geisladiskaskiptirinn er það mat kærufndarinnar að álitsbeiðandi hafi fullnægt skoðunarskyldu sinni með því að kanna hvort að umræddur skiptir væri til staðar. Telur nefndin að álitsbeiðanda hafi ekki borið að opna skiptirinn og kanna hvort að umræddur búnaður væri til staðar.

Að öllu framangreindu er það því mat kærufndar lausafjár- og þjónustukaupa að hafna beri kröfum álitsbeiðanda um úrbætur vegna sætishitara, en að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda 10.000 kr. vegna galla á geislaspilara.

VII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði X 10.000 kr.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir